



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**48. fundur eigendafundar Strætó bs.  
var haldinn í fjarfundi, miðvikudaginn 3. apríl 2024  
og hófst hann kl. 12:15.**

**Fundinn sátu:**

Regína Ásvaldsdóttir, Ásdís Kristjánsdóttir, Einar Þorsteinsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Þór Sigurgeirsson, Björg Fenger, Alexandra Briem, Andri Steinn Hilmarsson, Hrannar Bragi Eyjólfsson, Kristín María Thoroddsen, Lovísa Jónsdóttir, Jóhannes Rúnarsson framkvæmdastjóri Strætó bs., Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH.

**Fundargerð ritaði:** Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

**Dagskrá:**

**1. Útboð á aðkeyptum akstri strætisvagna - 2303010**

Framhald umræðna frá 47. fundi en ljóst er nú að framlenging núgildandi samninga getur ekki komið til framkvæmda. Framkvæmdastjóri Strætó bs. lýsir stöðu samkeppnisviðræðna sem eru gerðar á sömu forsendum og farið var í útboð, þó með þeim breytingum að samningar taki ekki til hleðsluinnviða, og væntanlegum kostnaðarauka frá núgildandi áætlunum. Samkeppnisviðræður eru langt komnar og gert er ráð fyrir að endanleg niðurstaða þeirra liggi fyrir í fyrri hluta maímánaðar. Umræður.

**Gestir**

Birgir Björn Sigurjónsson ráðgjafi.

Guðmundur Siemsen ráðgjafi.

Sigurður Guðjón Jónsson ráðgjafi.

**Niðurstaða:**

*Stjórn Strætó bs. vinni áfram að samkeppnisviðræðum um aðkeyptan akstur Strætó bs.*

**2. Fjárhagsáætlun byggðasamlaga 2023-2027 - 2108006**

Ljóst er að kostnaður vegna nýrra samninga verður hærri en gert var ráð fyrir í kostnaðaráætlun og fjárhagsáætlun ársins 2024. Kemur þar fyrst og fremst til kostnaðarauki vegna launahækkana. Einnig er fyrir séð er að kostnaður ársins 2025 verði meiri en gert var ráð fyrir í fimm ára áætlun og við fjárhagsáætlanagerð Strætó bs. Umræður.

**Gestir**

Birgir Björn Sigurjónsson ráðgjafi.

Guðmundur Siemsen ráðgjafi.

Sigurður Guðjón Jónsson ráðgjafi.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**Niðurstaða:**

*Stjórn Strætó bs. er falið að kynna fyrir borgar- og bæjarráðum aðildarsveitarfélaganna stöðu mála í samkeppnisviðræðum, sbr. 1. dagskrárlið, og að koma muni til kostnaðarauka vegna yfirstandandi árs. Sú kynning fari fram sem fyrst.*

*Þegar endanlegar niðurstöður samkeppnisviðræðna liggja fyrir, væntanlega í fyrri hluta maímánuðar verði viðauki við fjárhagsáætlun Strætó bs. 2024 lagður fyrir sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna til samþykktar.*

*Mikilvægt er að ásættanlegir samningar við ríkið um rekstur almenningsamgangna náist sem fyrst en að öðrum kosti blasir við sveitarfélögunum að leita þurfi frekari hagræðingar í rekstri, draga úr þjónustu eða hækka gjaldskrár.*

*Ljóst er að framlög eigenda, þ.e. sveitarfélaganna, geta ekki ein staðið undir þeirri auknu fjármagnsþörf sem er fyrir séð og hlýst m.a. af orkuskiptum og bættu leiðarneti almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:50.**